

## Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturinn 2022-2023

Markmiðið með Garðfuglakönnuninni er sem fyrr að athuga hvaða fuglar sækja í garða, í hve miklu magni og breytingar í tegundasamsetningu yfir vetrarmánuðina, og skoða breytileika milli ára. Árangur í starfi sem þessu veltur að sjálfsgöðu á þér félagi góður. Upplýsingar um Garðfuglakönnun og Garðfuglahelgi er að finna á slóðinni: <https://fuglavernd.is/verkefning/gardfuglar/>.

Meðfylgjandi eru eyðublöð til útfyllingar og nokkrar spurningar um eðli og umfang garðsins/garðanna. Könnunin hefst 30. október 2022 og lýkur 29. apríl 2023. Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að slá inn talningar sínar í meðfylgjandi skjal og senda síðan félaginu á tölvutæku formi, slíkt mun spara þann tíma sem fer í innslátt á talningum. Einnig er hægt að prenta út eyðublaðið og færa niðurstöður inn á blaðið. Við hvetjum sem flest ykkar til að taka þátt, hvort sem þið gefið fuglum eða ekki. Sendið útfyllt eyðublöð sem fyrst eftir lok könnunar, í síðasta lagi fyrir maílok 2023. Netfangið er: [gardfugl@gmail.com](mailto:gardfugl@gmail.com). Ef niðurstöður eru sendar með pósti þá er utanáskriftin:

Fuglavernd  
Garðfuglakönnun  
Hverfisgata 105  
101 Reykjavík

### Hvaða fugla á að telja

Skráið alla fugla sem nota garðinn á einhvern hátt, t.d. þá sem koma í æti, baða sig, hvíla o.s.frv. Fuglar sem fljúga í gegnum garðinn eins og t.d. smyrill á eftir bráð eða hrafn sem tyllir sér á húspak skal skrá. Sleppið aftur á móti þeim fuglum sem aðeins eru á flugi yfir.

### Skráningaraðferðir

Reynið að telja nokkrum sinnum í hverri viku, en ein vikuleg talning hluta úr degi er þó fullgild. Talningarvika er frá sunnudegi til laugardags, svo tvær helgar falli innan sömu talningarviku. Hámarkstala hvers tímabils er síðan skráð á talningareyðublaðið í lok vikunnar. Fylgist þú reglulega með fuglum í garðinum þínum er einfaldasta aðferðin að nota vasabók, gera síðan lista yfir tegundir og skrifa niður fjölda fugla í hverri talningu, t.d. á eftirfarandi hátt:

	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Stari	5	2	1	11	0	7	5

Í lok vikunnar setur þú hæstu töluna á eyðublaðið, í þessu tilviki 11. Nauðsynlegt er að telja ávalt sama garð/garða. Talningin er sem sagt ekki bundinn við að þú teljir garðinn þinn út um eldhúsgluggann, þó margir beri sig væntanlega þannig að. Þú getur talið garð fjarri heimili þínu, t.d. við vinnustað. Þetta þarf ávalt að vera gert á sama hátt, þ.e. **stöðluð talning**, og lýsing á garðinum/görðunum þarf að koma skýrt fram á eyðublöðunum. Að sjálfsgöðu er ekki nauðsynlegt að telja alla daga vikunnar, nóg er að fylgjast með garðinum hluta úr degi einn dag í viku að lágmarki.

Þátttakendur vinsamlegast svari eftirfarandi spurningum, ef þú hefur fyllt út samsvarandi eyðublað áður er óþarfi að svara þessum spurningum, þ.e. ef engar breytingar eru frá ári til árs.

Hvað er garðurinn stór í m<sup>2</sup>? \_\_\_\_\_ Áætluð stærð grasflatar í m<sup>2</sup> \_\_\_\_\_. Hverjar eru helstu trjátegundir og runnar (sérstaklega berjarunnar og tré), er limgerði í garðinum og hvaða trjátegund er í því? \_\_\_\_\_

Hafa fuglarnir aðgang að vatni í garðinum \_\_\_\_\_. Er varpkassi eða -kassar í garðinum? Ef svo er, fyrir hvaða fugla? \_\_\_\_\_

Verpa fuglar í garðinum \_\_\_\_\_, hvaða tegundir? \_\_\_\_\_

Er fuglum gefið reglulega yfir vetrartímann? \_\_\_\_ Ef fuglum er gefið fóður, hvar er þá gefið og hversu oft, t.d. á jörðu, fóðurbretti, bílskúrþak? \_\_\_\_\_

Hvað er gefið, maískorn, hveitikorn, sólblómafræ, páfagauka/finkufóður, brauð, kjötsag eða eitthvað annað? \_\_\_\_\_

Hversu mikið magn af fóðri áætlar þú að gefið í hvert skipti (t.d. í grömmum talið)? \_\_\_\_\_

Athugasemdir (s.s. nánari lýsing á umhverfi, staðsetning garðs, og aðrar athugasemdir): \_\_\_\_\_



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

## Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturinn 2022-2023

Nafn: \_\_\_\_\_

Póstnúmer: \_\_\_\_\_

Staður: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

		Tegund							
Vika	Tímabil								
1	30.10 – 5.11.								
2	6. – 12.11.								
3	13. – 19.11.								
4	20. – 26.11.								
5	27.11 – 3.12.								
6	4.12 – 10.12.								
7	11.12 – 17.12.								
8	18.12 – 24.12.								
9	25.12 – 31.12.								
10	1.1-7.1.								
11	8.1.-14.1.								
12	15.1.-21.1								
13	22.1.-28.1.								
14	29.1-4.2.								
15	5.1.-11.2.								
16	12.2.-18.2.								
17	19.2.-25.2.								
18	26.2.-4.3.								
19	5.3.-11.3.								
20	12.3-18.3.								
21	19.3.-25.3.								
22	26.3.-1.4.								
23	2.4.-8.4.								
24	9.4.-15.4.								
25	16.4.-22.4								
26	23.4.-29.4.								

Athugasemdir: